

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Menningarstjórnun

MA / MCM



Námskrá fyrir meistaranám í
menningarstjórnun

Námslína:

Meistaránám í menningarstjórnun: Menningarstefna & Miðlun / Menntastjórnun – MA

Viðbótarnám á meistarastigi í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf - MCM

Tengiliður:

Sviðsstjóri félagsvísindasviðs og verkefnastjóri kennslu

Lengd náms:

Þrjár annir eða meira

Fjöldi eininga:

MA nám: 90 ECTS, þrep 2.2. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011

MCM-nám: 90 ECTS, þrep 2.1. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011

Fjórða útgáfa, febrúar 2016

Efnisyfirlit

Almennt um námið	5
Alþjóðlegt nám.....	5
Skipulag náms og kennsluaðferðir	6
Valnámskeið	6
Námskeiðslýsingar	9
Menning og stjórnun (Kjarni).....	9
Heimspeki og menning (Kjarni)	10
Aðferðafræði (Kjarni)	11
Áætlanagerð og verkefnastjórnun (Kjarni)	13
Menningarhagfræði (Kjarni)	14
Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum (Kjarni í MCM, val í MA)	16
Menningarfræði samtímans.....	17
Menning, markaður, miðlun	18
Menningarstefna	19
Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun	20
Mannauðsstjórnun	21
Breytinga- og krísustjórnun.....	22
Þjónustustjórnun	23
Skapandi skólastjórnun.....	24
Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur.....	25
Þjónandi forysta	26
Listir og Samfélag (val)	27
Stefnumótun og hlutverk menningarfyrirtækja (val)	28
Tilfallandi valnámskeið.....	29
Starfsnám.....	30
Ritgerðasmíð	31
MA ritgerð (Skylda í MA)	33
Verkefni í menningarstjórnun (Skylda í MCM).....	34
Lokalærdómsviðmið	35

Almennt um námið

Menningarstjórnunarnámið býr nemendur undir viðamikil og oft vandasöm störf á sviði menningar og menntunar. Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms og þegar hefur sýnt sig að nemendur sem útskrifast hafa með MA gráðu í menningarstjórnun frá Bifröst eru eftirsóttir starfskraftar og samstarfsmenn á sviði menningar. Frá og með hausti 2016 verður nemendum einnig boðið uppá að taka sérstaka línu í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf innan menningargeirans.

Viðhorf til skapandi og menningartengdra atvinnugreina hafa gerbreyst á undanförunum árum. Menning og menntun eru meðal helstu sviða vaxtar og nýsköpunar í nútímasamfélagi, en ekki lúxus sem þjóðfélög geta kosið að veita sér. Þetta eykur kröfur til þeirra sem vilja hasla sér völl á sviði menningar. Markmið menningarstjórnunarnámsins er að veita nemendum þann grunn og þjálfun í stefnumótun, stjórnun og rekstri sem nauðsynlegur er í menningarumhverfi samtímans.

Bifröst hefur boðið upp á nám í menningarstjórnun síðan árið 2004 og er eini íslenski háskólinn sem býður uppá þessa námsgráðu. Námið hefur slípast með árunum og mótast í samræmi við íslenskt menningarumhverfi og þær áskoranir sem bíða nemenda eftir að námi lýkur. Þar sem námið byggir jafnt á fræðilegri og hagnýtri nálgun gefur það nemendum kost á að vinna með og þróa gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík, um leið og þeir öðlast hagnýta þjálfun sem lýtur að rekstri, stjórnun, skipulagningu, nýsköpun og frumkvöðlastarfi á sviði menningarmála.

Inntökuskilyrði í námið er grunngráða háskólanáms (t.d. BS, BA, Bed eða BFA) eða hafa menntun og reynslu sem telja má sambærilega við grunngráðu í háskóla. Þeir sem ljúka námi í menningarstjórnun með áherslu annars vegar á menningarstefnu og miðlun og hins vegar með áherslu á menntastjórnun fá MA gráðu í menningarstjórnun sem jafngildir meistaraprófi (þrep 2.2) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011. Nemendur sem ljúka viðbótarnámi á meistarastigi í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf fá MCM gráðu sem jafngildir viðbótargráðu á meistarastigi (þrep 2.1) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011. Nám til MCM-gráðu felur ekki í sér 30 ECTS eininga lokaritgerð, heldur taka nemendur 12 ECTS eininga hagnýtt lokaverkefni.

Einnig er mögulegt að sleppa 30 ECTS rannsóknarverkefni og ljúka í staðinn diplómaprófi á meistarastigi í menningarstjórnun til 60 ECTS eininga. Slík gráða flokkast jafnframt sem viðbótarnám á meistarastigi (stig 2.1) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Alþjóðlegt nám

Alþjóðleg tengsl Bifrastar koma skýrast fram í öflugum samstarfi við erlenda háskóla. Nemendum við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinemum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á. Nokkuð er um að nemendur í meistaránámi fari í skiptinám í eina önn þótt það sé í minni mæli en í grunnnámi. Þá taka akademískir starfsmenn skólans þátt í

margvíslegu samstarfi við skóla erlendis jafnt á sviði kennslu sem rannsókna.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla en einnig hefur skólinn gert samstarfssamninga við fjölda skóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í University of the Arctic (UArctic) sem er samstarf yfir 100 háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, á Norðurlöndum og í Rússlandi.

Skipulag náms og kennsluáferðir

Inntökuskilyrði í meistaranám er bakkalárgráða eða sambærilegt próf samkvæmt viðmiðunum um æðri menntun og prófgráður 2011.

Námið er 90 einingar á meistarastigi og er að uppistöðu kennt í fjarnámi. Námskeið eru í flestum tilfellum kennd í sjö vikna löngum lotum sem hverri um sig líkur með námsmati (sjá námskeiðslýsingar fyrir einstök námskeið). Á hverri önn eru tvær lotur og dreifast námskeið jafnt á milli lota. Hægt er að hefja nám hvort heldur á haust- eða vorönn, en undirstöðunámskeið eru jafnan kennd að hausti. Venjuleg framvinnda náms til MA-gráðu felur því í sér að nemandi ljúki fimm námskeiðum (30 ECTS) á haustönn, fimm námskeiðum (30 ECTS) á vorönn og vinni lokaverkefni til meistaraþrófs (30 ECTS) á haustönn næsta skólaárs. Námsframvinda til MCM-gráðu felur í sér að nemandi ljúki fimm námskeiðum (30 ECTS) á haustönn, fimm námskeiðum (30 ECTS) á vorönn og þremur námskeiðum (18 ECTS) og 12 ECTS eininga hagnýtu lokaverkefni á haustönn næsta skólaárs. Nemandi í fullu námi lýkur því á þremur önnum.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að útskrifast með 120 ECTS eininga meistaraþróðu í menningarstjórnun með því að skrifa 60 eininga ritgerð. Í sérstökum tilfellum einnig hægt að sækja um að taka sem samsvarar 30 einingum í ólaunuðu starfsnámi til viðbótar við hinar hefðbundnu 90 einingar.

Í náminu er lögð áhersla á fræðileg vinnubrögð, skilning, rannsóknarhæfni og hæfni nemenda til að vinna raunhæf verkefni á sviði menningastjórnunar. Markmið námsins er að gera nemendur hæfa til að taka að sér fjölbreytt og krefjandi störf á sviði menningar og menntunar.

Að baki hvernar ECTS einingar er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Inní þeirri vinnu er allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, vinnuhelgar, fyrirlestrar og all það sem talist getur til vinnu nemenda við námskeiðið.

Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fer samkvæmt F 110 reglum um nám og kennslu sem má finna í gæðahandbók skólans. Þar má líka finna prófreglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókina má finna á þessari slóð <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/gaedamal/fylgiskjol/>.

Valnámskeið

Meistaránám í menningarstjórnun er byggt upp í kring um fimm kjarnanámskeið (samtals 30 ECTS) sem nemendur verða að ljúka. Nemendur skulu ljúka tveimur námskeiðum í stjórnunarfögum (samtals 12 ECTS), en velja má á milli sex ólíkra stjórnunarnámskeiða. Þá er gert ráð fyrir að nemendur ljúki þremur námskeiðum um menningarstefnu og miðlun (samtals 18 ECTS). Sá möguleiki er fyrir hendi að þreyta þrjú námskeið (samtals 18 ECTS) sem sérsniðin eru að skóla- og menntastjórnun. Jafnframt er boðið upp á sérstök stuðningsnámskeið (valkvæð) í tengslum við skrif lokaritgerðar.

Námsframvinda

Áherslulína A – Menningarstefna og miðlun (MA) *

Haustönn 1 (30 ECTS)	ECTS	Vorönn (30 ECTS)	ECTS
Menningarhagfræði (K)	6	Aðferðafræði (K)	6
Áætlanagerð og verkefnastjórnun (K)	6	Menningarfræði nútímans	6
Menning og stjórnun (K)	6	Menningarstefna	6
Heimspeki og menning (K)	6	Val 1	6
Menning, markaður, miðlun	6	Val 2	6

Haustönn 2 (30 ECTS)	ECTS
MA Ritgerð	30

Áherslulína B – Menntastjórnun (MA)*

Haustönn 1 (30 ECTS)	ECTS	Vorönn (30 ECTS)	ECTS
Menningarhagfræði (K)	6	Aðferðafræði (K)	6
Menning og stjórnun (K)	6	Skapandi skólastjórnun	6
Heimspeki og menning (K)	6	Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur	6
Áætlanagerð og verkefnastjórnun (K)	6	Þjónandi forysta	6
Val 1	6	Val 2	6

Haustönn 2 (30 ECTS)	ECTS
MA Ritgerð	30

Áherslulína C – Nýsköpun og frumkvöðlastarf (MCM) *

Haustönn 1 (30 ECTS)	ECTS	Vorönn (30 ECTS)	ECTS
Menningarhagfræði (K)	6	Aðferðafræði (K)	6
Áætlanagerð og verkefnastjórnun (K)	6	Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur (K)	6
Menning og stjórnun (K)	6	Menningarstefna (K)	6
Menning, markaður og miðlun (K)	6	Stefnumótun og hlutverk menningarfyrirtækja (K)	6
Heimspeki og menning EÐA Stefnumótun og framtíðarsýn (Bundið val)	6	Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun (K)	6

Haustönn 2 (30 ECTS)	ECTS
Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum (K)	6
Verkefni í menningarstjórnun (K)	12
Val 1	6
Val 2	6

* Taflan hér að ofan sýnir dæmigerða námsframvindu fyrir nemanda í fullu námi.

Námskeiðslýsingar

Menning og stjórnun (Kjarni)

Önn og lengd: Haust – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: Dr. Njörður Sigurjónsson, dósent

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna

Innihald og markmið

Farið verður í frumatriði menningarstjórnunar svo sem hugmyndafræði menningarstofnana og stefnumörkun, menningarlegar og rekstrarlegar forsendur verkefna, markaðssetningu og hugmyndavinnu. Helstu atriði stjórnunarfræða verða rædd og skipulag fyrirtækja sett í samhengi við forsendur þeirra. Þá verður fjallað um rannsóknavinnu í menningarstjórnun og nemendum hjálpað af stað við að undirbúa og leggja drög að M.A. ritgerð.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Útskýrt forsendur menningarstjórnunar
- Rætt helstu atriði í skipulagi fyrirtækja, stefnumörkun og vandamál þeim tengd
- Rökstutt menningarstjórnunarlegar forsendur verkefna og samhengi markaðar, hugmyndafræði og hlutaðeigenda
- Lagt drög að rannsóknaráætlun fyrir MA ritgerð

Heimspeki og menning (Kjarni)

Önn: Haust – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku, námsefni á ensku og íslensku.

Kennari: Jón Ólafsson, prófessor.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnatímar

Innihald og markmið:

Farið verður yfir meginkenningar í stjórnmálaheimspeki samtímans sem mótað hefur pólitískt landslag Evrópu og Vesturlanda undanfarin 250 ár. Fjallað er um kenningar 18. og 19. aldar og afdrif þeirra á 20. öld. Rætt verður um stærstu deilumál samtímans og þær leiðir til þjóðfélags- og menningargreiningar sem kenningar stjórnmálaheimspekinnar bjóða upp á. Fjallað er um greiningu fjölmenningshyggju, femínisma, marxisma og rökræðulýðræðis á veruleika stjórnmála og hvernig þessi gagnrýni í senn beinist gegn og styrkir undirstöður vestrænna stjórnmálahugmynda.

Hæfniviðmið:

Nemendur sem ljúka námskeiðinu:

- Þekkja nokkra meginhugsuði vestrænnar heimspeki á 19. og 20. öld
- Hafa skilning á mikilvægum kenningum heimspekinnar á sviði stjórnmála og menningar
- Eru færir um að rökræða nokkrar helstu spurningar og ágreiningsefni samtímaheimspeki
- Geta beitt þekkingu sinni til að greina og fjalla um hugmyndastefnur í samfélaginu.

Aðferðafræði (Kjarni)

Önn Vor –6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun, MS/MIB í alþjóðaviðskiptum, MS / MLM í Forystu og stjórnun

Forkröfur: Nemendur í menningarstjórnun skulu hafa lokið námskeiðinu Menning og stjórnun

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar á hlaðvarpi, vinnuhelgar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu verða kynnt helstu hugtök og vinnulag í rannsóknum, en útgangspunktur námskeiðsins er jafnframt að búa nemendur undir skrif meistaraverkefna. Farið verður í gegnum ýmsar hefðir í rannsóknum í félagsvísindum, mótun rannsóknarspurninga og rannsóknarmarkmiða, tilgátu- og kenningasmíð, gerð rannsóknaráætlunar og uppsetningu meistaraverkefna, eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir, spurningagerð, úrvinnslu gagna, framsetningu niðurstaðna og réttmæti, áreiðanleika, gegnsæi og siðferði rannsókna. Nemendur skulu fara í gegnum undirbúning rannsóknar, val á aðferðum og framkvæmd rannsóknar, þar sem nemendur fá þjálfun í gagnaöflun eigindlegra gagna, s.s. viðtöl, þátttökuathugun og greiningu á texta. Að sama skapi fá nemendur þjálfun í að setja upp einfaldar, veflægur spurningakannanir. Nemendur fá jafnframt kynningu á meginhefðum í meistaraverkefnum á Bifröst og á verkefnavinna námskeiðsins að geta nýst nemendum áfram við skrif meistararitgerða.

Hæfniviðmið:

Þekking og skilningur

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- kunna skil á helstu hugtökum í aðferðafræði
- átta sig á meginhefðum í rannsóknum félagsvísinda
- þekkja helstu rannsóknaraðferðir, bæði eigindlegar og meginlegar
- gera sér grein fyrir takmörkunum rannsóknaraðferða, svo og kostum þeirra og göllum, réttmæti og áreiðanleika
- Vera meðvituð um siðferðileg álitæfni í rannsóknum

Færni

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- nýtt verkefni námskeiðsins til áframhaldandi vinnu við ritun meistaraverkefnis og öðlast aukna færni í fræðilegum vinnubrögðum
- mótað rannsóknarspurningar og rannsóknarmarkmið og afmarkað rannsóknarverkefni
- hannað rannsókn út frá markmiðum og spurningum, valið viðeigandi rannsóknaraðferðir og spurt spurninga í samræmi við markmið verkefnis

- skipulagt rannsóknarverkefni (meistaraverkefnisskrif) með því að gera rannsóknaráætlun
- aflað gagna, einkum eigindlegra gagna og hafa hlotið þjálfun í notkun þeirra í námskeiðinu
- greint þau rannsóknargögn sem þau hafa aflað og sett niðurstöður þeirra fram á skýran og viðeigandi hátt
- áttáð sig á réttmæti og áreiðanleika eigin rannsóknar
- gert „áhættumat“ hvað varðar siðferðileg álitaefni og trúnað við þátttakendur rannsóknar og geta lagt mat á hvort framsetning gagna brjóti í bága við siðferðileg álitaefni eður ei
- ályktað útfrá eigin niðurstöðum á gagnrýnin hátt og varast að draga of sterkar ályktanir útfrá fyrirbyggjandi gögnum

Áætlanagerð og verkefnastjórnun (Kjarni)

Önn: Haust – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Nemendur skulu hafa lokið námskeiðinu Menning og stjórnun

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Dr. Njörður Sigurjónsson, lektor

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð verkefnavinna og fyrirlestrar. Lögð er áhersla á að nemendur lesi og kynni sér námsefnið upp á eigin spýtur og að þeir séu virkir í verkefnavinnu. Í fyrirlestrum verður námsmarkmiðum hvefrrar viku lýst, farið í grunnhugtök og hugmyndir. Efnið kynnt með powerpoint slæðum, dæmum, sögum og öðru sem talið er að geti skerpt skilning nemenda á námsefninu.

Innihald og markmið:

Nemendur kynna sér og hljóta þjálfun í undirstöðum í aðferðafræði verkefnastjórnunar við markmiðslýsingu, skipulag og áætlanir vegna menningartengdra verkefna. Kynnt staða verkefnastjórnunar hér á landi, bæði innan menningarstofnana og í ýmsum sjálfstæðum verkefnum. Mikið er lagt upp úr því að nemendur heimfæri sjálfir efni námskeiðsins upp á þann veruleika sem þeir hafa reynslu af.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Útskýrt forsendur verkefnastjórnunar svo sem um markmið, mörk og árangur
- Útskýrt mismunandi tegundir menningartengdra verkefna og stofnana
- Rætt helstu atriði í skipulagi verkefna og vandamál þeim tengd
- Rökstutt forsendur viðskiptaáætlana út frá markmiðum og samhengi markaðar og þarfa hlutaðeigenda
- Greint ytra og innra samhengi verkefna
- Skrifað viðskiptaáætlun
- Útskýrt og rökstutt val á ólíkum leiðum við skipulag verkefna

Menningarhagfræði (Kjarni)

Önn: Haust – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Námskeiðið er kennt í fjarnámi og felst í fyrirlestrum á MySchool, vinnuhelgi, verkefnum og umræðu. Kennt er í 7 vikur í fjarnámi og á 1 vinnuhelgi. Í námskeiðinu eru lögð fyrir eitt einstaklingsverkefni og eitt paraverkefni. Á vinnuhelgi eru fyrirlestrar og umræða.

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er fjallað um hagræna þætti menningar, framboð, eftirspurn, verðmyndun, framleiðslu, markaðsmál, alþjóðleg umsvif og alþjóðlega verslun. Einnig er rætt um grunnatriði þjóðhagsreikninga, hagvaxtar og fjármálakerfisins í tengslum við menningu. Fjallað er um verðmætasköpun og virði innan menningar. Rætt er um sköpun og hagrænt gildi hennar og skapandi atvinnuvegi. Fjallað er um menningariðnað, menningarlega arfleið, fjármagn menningar, sjálfbærni, byggðamál, þróun og fjölbreytni. Rætt er m.a. um tónlistariðnað, kvikmyndaiðnað og menningartengda ferðaþjónustu. Nemendur fá yfirsýn yfir helstu þætti í menningarhagfræði, m.a. með innlendum og erlendum dæmum úr menningargeiranum.

Hæfniviðmið:

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að kunna skil á grunnþáttum hagfræði og menningarhagfræði.
- Að hafa aukið skilning sinn á eðli menningarstofnana.
- Að hafa dýpkað og aukið þekkingu sína á þáttum er varða rekstur menningarstofnana.
- Að geta greint þætti rekstrar og áætlanagerðar í tengslum við menningarmál.
- Að vera vel hæfir til að stýra og reka menningarverkefni/stofnanir.

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að vera færir um að beita kenningum í menningarhagfræði í fræðilegu samhengi og í daglegu starfi að menningarmálum.
- Að geta unnið með upplýsingar sem varða fjárhagslegt umhverfi menningarstofnana.
- Að hafa hæfni til að leiða og þróa verkefni í umhverfi menningarstarfs

- Að hafa hæfni til að rannsaka og greina á vísindalegan hátt verkefni innan menningarhagfræði.

Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum (Kjarni í MCM, val í MA)

Önn: Haust 2 – 6 ECTS

Námslína: MA (val) / MCM (skylda) í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Námskeiðið er kennt í fjarnámi og felst í fyrirlestrum á MySchool, vinnuhelgi, verkefnum og umræðu. Kennt er í 7 vikur í fjarnámi og á einni vinnuhelgi. Á vinnuhelgi eru fyrirlestrar og umræða.

Innihald og markmið:

Tilgangur námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum breytingar og tækifæri í alþjóðlegu umhverfi skapandi greina og helstu áskoranir samtímans. Gefin verður gaumur að straumum og stefnum í eftirspurn á ólíkum mörkuðum, dreifingu efnis, hugverkaframleiðslu og samruna listgreina. Einnig verður farið í helstu atriði sem snúa að því að koma nýsköpunarverkefnum af stað, bæði hvað varðar stjórnunarlega þætti, stefnumótun og fjármögnun. Sérstök áhersla verður lögð á nýsköpun innan skapandi greina og farið verður sérstaklega í gerð viðskiptaáætlana og fýsileikakannanna í frumkvöðlastarfi innan menningargeirans.

Hæfniviðmið:

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að kunna skil á breytingum í alþjóðlegu umhverfi skapandi greina, áskorunum og mögulegum tækifærum til þróunar
- Að hafa aukið skilning sinn eðli nýsköpunar innan skapandi greina
- Að geta greint helstu þætti rekstrar og áætlanagerðar í tengslum við nýsköpunarverkefni

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að vera færir um að skipuleggja verkefni í nýsköpun innan skapandi greina
- Að geta nýtt fræðilegan grunn til þess að geta unnið að undirbúningi og framkvæmd nýsköpunarverkefna
- Að hafa hæfni til að þróa hugmyndir að nýsköpunarverkefnum innan skapandi greina og staðið að áætlanagerð og fýsileikakönnunum er slík verkefni varðar

Menningarfræði samtímans

Önn: Vor I– 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Dr. Gauti Sigþórsson, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar á hlaðvarpi, vinnuhelgar og verkefnavinna.

Innihald og markmið:

Þetta 7 vikna námskeið snýst um þrjú lykilhugtök og viðfangsefni í menningarfræði samtímans: Menningu, líkama og reynslu. Markmiðið er að kynna ný hugtök og aðferðir sem nýst geta við rannsóknir á viðfangsefnum í menningu samtímans. Þau kallast líka á við önnur námskeið í meistaranáminu, til þess að veita önnur sjónarhorn á menningu og menningarstarf. Tilgangur þessa námskeiðs er einnig að veita aðferðafræðilegan og kenningalegan stuðning við þróun og undirbúning meistararitgerðar og skerpa á gagnrýnni nálgun.

Hæfniviðmið:

Eftirfarandi viðmið eru höfð að leiðarljósi í verkefnum og við mat á einkunnum:

- Að þekkja og greina milli lykilhugtaka í menningarfræði samtímans.
- Að geta beitt gagnrýnum kenningum um menningu, menningarstofnanir og skapandi geirann við rannsóknir og samningu ritgerða.
- Að temja sér sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð við rannsóknir og undirbúning meistararitgerðar (einkum skilgreiningu hugtaka, söfnun heimilda, og framsetningu á niðurstöðum eigin rannsókna með vísun í heimildir).
- Að skrifa skýran og hnitmiðaðan texta um menningarfræðileg viðfangsefni.

Menning, markaður, miðlun

Önn: Haust – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er farið í grunnatriði markaðsfræði og fjallað um menntun og menningu í samhengi markaðar. Þá er fjallað um þátt miðlunar í menningarstjórnun frá fræðilegu og hagnýtu sjónarhorni.

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Gert grein fyrir helstu markaðsfræðilegu hugtökum í sambandi við tengsl lista og menningar við umhverfi sitt
- Beitt mismunandi aðferðum við að koma listum á framfæri
- Sett upp markaðsáætlun og gert grein fyrir helstu þáttum hennar
- Kunna skil á mikilvægi rannsókna fyrir markaðsstarf menningarstofnana

Menningarstefna

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Innihald og markmið:

Fjallað verður um fræðilegan grundvöll stefnu og stefnumótunar í menningarmálum. Opinber menningarstefna, tilurð hennar og beiting er einnig viðfangsefni námskeiðsins bæði í íslensku, norrænu, evrópsku og alþjóðlegu tilliti. Ennfremur verður stjórnun og rekstur listastofnana til umfjöllunar og er lögð áhersla á hagnýta nálgun með dæmum.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á helstu þáttum stefnumótunar í menningarmálum
- Hafa yfirsýn yfir rekstrarhlið mismunandi listastofnana

Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku

Kennari: Einar Valdimarsson, stundakennari

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Innihald og markmið:

Yfirlit um fjárhagsbókhald þar sem lögð er áhersla á bæði fræðilega þáttinn sem og lagalega. Nemendur munu kynna lykiltríðum reikningsskilafræðanna eins og hvað eru tekjur, gjöld, eignir og skuldir. Hlutverk endurskoðenda er kynnt. Farið er yfir virðisaukaskatt og meðferð hans. Uppbygging á ársreikningi er skoðuð og hvernig þessi uppbygging myndar eina heild, þ.e. áritun endurskoðenda, efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi, skýringar og skýrsla stjórnar. Hlutverk fjármálastjóra er skoðað.

Mikil áhersla er lögð á áætlanagerð og nemendur gera rekstraráætlun, greiðsluáætlun og hvernig samanburður við bókhald fer fram. Farið er í innra eftirlit fyrirtækja

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta gert grein fyrir mikilvægi ársreikninga fyrir eigendur fyrirtækja og aðra hlutaðeigandi Skilja uppbyggingu ársreikninga og geta stillt upp einföldum ársreikningi
- Þekkja og geta gert grein fyrir helstu reglum varðandi virðisaukaskatt
- Geta gert rekstraráætlun og greiðsluáætlun og stillt upp efnahagsreikningi í framhaldi
- Geta framkvæmt sjálfstætt mat á ársreikningi
- Geta skilgreint störf á vinnustað m.t.t. innra eftirlits

Mannauðsstjórnun

Önn: Haust – 6 ECTS

Svið: Viðskiptasvið MS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku

Kennari: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Innihald og markmið:

Markmiðið er að gera nemendum mögulegt að tileinka sér nýjustu og helstu kenningar á sviði mannauðsstjórnunar og að nemendur öðlist skilning og þjálfun í notkun helstu kenninga í mannauðsstjórnun. Farið er ítarlega í níu lykla mannauðsstjórnunar og rætt um sálfræðilega samninginn, ráðningar og val starfsmanna, móttöku nýrra starfsmanna, starfsþróun og atvinnuhæfni, starfsmannasamtöl og starfsþróunaráætlanir, starfslok og starfsmannastefnu. Einnig verður rætt um hlutverk mannauðsstjóra og fjallað um samskipti á vinnumarkaði. Loks verður fjallað um alþjóðlega mannauðsstjórnun, þjóðmenningu og útsenda starfsmenn. Markmiðið er að nemendur skilji mikilvægi mannauðsstjórnunar sem fræðigrein og sem mikilvægan þátt innan skipulagsheildarinnar.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að þekka og hafa öðlast hæfni í:

- þekkingu og skilning á helstu kenningum mannauðsstjórnunar (HRM)
- bestu vinnubrögðum (best practices) sem notuð eru innanlands sem utan við stjórnun starfsmannamála
- að greina kosti og galla helstu stjórnunaraðferða á vinnumarkaði
- að skipuleggja og framkvæma helstu verkefni er varða mannauðsstjórnun
- að þekkja og geta beitt bestu aðferðum mannauðsstjórnunar

Breytinga- og krísustjórnun

Önn: Vor – 6 ECTS

Svið: Viðskiptasvið MS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku

Kennari: Jón Snorri Snorrason

Kennsluaðferðir: Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og byggja á hefð Bifrastar um verkefnadrifið nám. Fyrirlestur og leiðsögn kennara er miðlað beint til nemenda á staðnum eða með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans

Innihald og markmið:

Markmið námskeiðsins er að auka færni þátttakenda í glímunni við breytingar.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið geti þeir tekið þátt í þróun og mótun breytingavinnu útfrá þekkingu sinni á aðferðum og kenningum. Þátttakendur geti lagt sjálfstætt mat á ólíkar aðferðir til að byggja breytingaáætlanir á, í samræmi við markmið breytinganna.

Þjónustustjórnun

Önn: Vor – 6 ECTS

Svið: Viðskiptasvið MS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku

Kennari: Einar Svansson

Kennsluaðferðir: Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og byggja á hefð Bifrastar um verkefnadrifið nám. Fyrirlestrum og leiðsögn kennara er miðlað beint til nemenda á staðnum eða með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans

Innihald og markmið:

Námskeiðið er meistaranámskeið í þjónustustjórnun og er ætlað að kynna helstu hugtök og aðferðir sem er nauðsynlegt að þekkja til að ná árangri við rekstur og markaðssetningu þjónustufyrirtækja. Þjónusta er skoðuð við ýmsar aðstæður, innanlands og á alþjóðavettvangi. Helstu sjónarhorn eru mannauður, tækni og stefna þjónustufyrirtækja.

Hæfniviðmið:

Þekkingarmarkmið:

- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt helstu hugtök þjónustuhagkerfis og markaðssetningar
- Nemendur þekki lykilkennningar um neytendur og staðfæringu þjónustu á samkeppnismarkaði
- Nemendur skilji hvernig aðlaga má grunnaðferðir markaðsfræðinnar að þjónustufyrirtækjum
- Nemendur kunni skil á innleiðingu árangursríkrar þjónustustefnu og eftirliti með gæðum
- Nemendur eiga að þekkja helstu líkön um tengsl þjónustufyrirtækisins við viðskiptavininn

Færnimarkmið:

- Geti útskýrt helstu kenningar og líkön sem notuð eru við stjórnun og markaðssetningu þjónustu
- Geti útskýrt hvernig þekktar aðferðir markaðsfræði og stjórnunar eru nýttar í þjónustu
- Geti greint og sett fram þjónustustefnu í fyrirtæki eða stofnun
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (kerfum) og hugtökum þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um helstu kenningar um þjónustustjórnun og markaðsfærslu þjónustu

Skapandi skólastjórnun

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennar: Rósa Gunnarsdóttir og Signý Óskarsdóttir

Kennsluaðferðir: Samræða um möguleika sem felast í skapandi skólastjórnun.. Fyrirlestrar og annað rafrænt efni verður sett inn á námsvefinn vikulega. Þátttakendur skila vikulega inn rafrænni dagbók með upptökum og kynningum í tengslum við rannsókn og hugmyndavinnus em er hluti af lokaverkefningu skapandi skipuagsheild/skapandi skóli. Þátttakendur ræða við kennara á Google hangout einu sinni í viku.

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu er fjallað um skipulagsheildir sem skapandi samfélög og hlutverk, skyldur og ábyrgð stjórnenda í ljósi þeirra. Sjónum er fyrst og fremst beint að forystuhlutverki skólastjóra sem leiðbeinandi og þjónandi leiðtoga.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið er gert ráð fyrir að:

- Hafa þekkingu á og geta rætt mismunandi hugmyndir og skilgreiningar á sköpun og skapandi umhverfi
- Geta gert grein fyrir mikilvægi forystu- og stjórnunarhlutverki í skapandi skipulagsheildum eins og t.d. í skólum.
- Leikni til að og miðla hugmyndum sínum um skapandi skipulagsheildir og þróun þeirra.
- Hæfni til að greina tækifæri og hindranir í þróun skapandi skipulagsheilda.

Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Kennari: NN

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Innihald og markmið:

Á námskeiðinu verður fjallað um reglur stjórnsýsluréttar og skyldra greina og sérstök áhersla lögð á þætti sem snúa að starfsemi innan sveitarfélaga. Farið verður yfir almennar reglur stjórnsýsluréttarins, bæði ólögfestar reglur og ákvæði stjórnsýslulaga. Rætt verður um hvernig ákvarðanir teljist stjórnvaldsákvarðanir og hvaða þýðingu það hafi að greina á milli slíkra ákvarðana og annarra ákvarðana sem stjórnendur taka í daglegum störfum. Skoðuð verða dæmi og dómur sem veita innsýn inn í beitingu reglna við raunverulegar aðstæður. Þá verður fjallað um meðferð og vinnslu upplýsinga og starfsaðferðir sem gerðar eru kröfur um að stjórnendur virði samkvæmt upplýsingalögum og lögum umpersónuvernd. Loks verður fjallað um starfsmannarétt innan sveitarfélaga og dómaframkvæmd á því sviði. Þá verður fjallað um almennt eftirlit með starfsemi sveitarfélaga og ráðuneyta, og rætt um hlutverk umboðsmanns Alþingis.

Hæfniviðmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa öðlast grundvallarþekkingu á sviði stjórnsýsluréttar og skyldum réttarsviðum og hagnýtt sér þá þekkingu í starfi, bæði með því að hafa öðlast meira öryggi við ákvarðanatöku og skipulag verkferla þar sem reynir á stjórnsýslureglur og geta metið hvenær mál eru þess eðlis að kalla þarf eftir sérfræðiþekkingu lögfræðinga á því sviði.
- Þekkja til reglna sem gilda um meðferð persónuupplýsinga og almennar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda.
- Hafa góða yfirsýn yfir kröfur sem reglur opinbers starfsmannaréttar gerir til atvinnurekenda við stjórnun starfsmannahalds einkum hvað varðar ráðningar og beitingu stjórnunarvaldsákvarðana.

Þjónandi forysta

Önn: Haust - 6 ECTS

Svið: Viðskiptasvið MS

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám.

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennari: Sigrún Gunnarsdóttir ofl.

Kennsluaðferðir: Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og byggja á hefð Bifrastar um verkefnadrifið nám. Fyrirlestrum og leiðsögn kennara er miðlað beint til nemenda á staðnum eða með hljóð og mynd í gegnum kennslukerfi skólans

Innihald og markmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki hugmyndafræði þjónandi forystu með áherslu á hugmyndir Robert K. Greenleaf og rannsóknir um þjónandi forystu. Farið er ítarlega í grunnþætti þjónandi forystu, þ.e. að vera í senn leiðtogi og þjónn, hlustun og sjálfsþekking leiðtogans, mikilvægi framtíðarsýnar, jafningjabragur í þjónandi forystu, auðmýkt, ábyrgðarskylda og árangur þjónandi forystu, starfsumhverfi þjónandi leiðtoga og gildi sköpunar í þjónandi forystu. Umfjöllunin er jafnóðum tengd áherslum Robert Greenleaf eins og þær birtast í fyrsta riti hans, *The Servant as Leader*, í öðrum ritum hans og í rannsóknargreinum og bókum um þjónandi forystu. Markmiðið er að nemendur hafi góða fræðilega þekkingu á hugmyndafræði þjónandi forystum, hafi innsýn í hagnýtingu þjónandi forystu fyrir tækjum og stofnunum og kunni að greina frá árangri þjónandi forystu samkvæmt reynslu fyrirtækja og stofnana og samkvæmt nýjum rannsóknum um efnið hér á landi og erlendis.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- Þekkja hugmyndafræði þjónandi forystu skv. Robert K. Greenleaf
- Þekkja mikilvægar rannsóknir um þjónandi forystu sem birtar hafa verið á sviðinu
- Þekkja meginhugtök þjónandi forystu
- Þekkja áherslur og aðferðir fyrirtækja og stofnana sem nýta hugmyndafræði þjónandi forystu
- Hæfni til að rýna fræðilega í raunveruleg dæmi um hagnýtingu þjónandi forystu
- Hæfni til að leggja fram raunhæfa áætlun um hagnýtingu þjónandi forystu

Listir og Samfélag (val)

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Kennari: Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar á hlaðvarpi, vinnuhelgar og verkefnavinna

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði er fjallað um helstu listgreinar (einkum tónlist, myndlist og leiklist) á gagnrýninn hátt út frá sjónarhóli félagsvísinda en meginkastljósið beinist að hlutverki listgreina í nútímanum hvað varðar sköpun, neyslu og viðtökur. Þó svo að sjónum sé einkum beint að tónlist, myndlist og leiklist (þ.m.t. leikhús, kvikmyndir og sjónvarp) verður megináhersla lögð á hlutverk og stöðu tónlistar og tengsl tónlistar við aðrar listgreinar. Einkum verður sjónum nemenda beint að hinni „huldu listsköpun“ og menningarstarfsemi sem alla jafna er lítið sýnileg (og á þá helst við í hinum dreifðari byggðum).

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Kunna skil á meginhugtökum í félagsfræði listgreina
- Átta sig á samfélagslegu gildi og hlutverki listgreina í félagslegu samhengi
- Geta greint og tjáð sig um ýmis álitaeefni er varða stöðu listgreina í samfélaginu
- Hafa færni til þess að móta eigin rannsóknarverkefni á sviði félagsfræði listgreina

Stefnumótun og hlutverk menningarfyrirtækja (val)

Önn: Vor – 6 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku, námsefni á ensku og íslensku.

Kennari: Njörður Sigurjónsson, dósent.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnatímar

Innihald og markmið:

Nemendur kynnst helstu kenningum um stefnumótun og stjórnun menningarstofnana og þjálfast í beitingu greiningartækja. Fjallað verður um áhrif stefnu á skipulag stofnana, tengsl þeirra við samfélag, stjórnsmál, samskipti innan stofnana og mismunandi birtingarmyndir stofnanabundins valds. Þá verður samband veruleika og kenninga skoðað með tilliti til ytri marka stofnana, tíma, stefnumörkunar, árangurs, þekkingar, samræðna og átaka. Hvers vegna eru stofnanir eins og þær eru? Hvernig fer innleiðing fram og hvað eru árangursmælikvaðrar? Hversvegna eru stefnur svona mismunandi og hversvegna eru þær svona líkar? Hversvegna heyrum við svo ólíka hluti þegar talað er um stefnu?

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Leitt stefnumótunarferli og skilið forsendur þess
- Útskýrt ýmsar forsendur stefnumótunarfræða og tengda gagnrýni
- Rætt helstu atriði í skipulagi fyrirtækja og stjórnun út frá hugmyndum um vald, þekkingu, fegurð og hagkvæmni
- Fjallað á gagnrýnin hátt um helstu hugtök stjórnunarfræða
- Slegið um sig með flóknum hugtökum á mikilvægum fundum
- Greint samhengi stofnanabundins valds eins og það birtist meðal annars í hæfniviðmiðum háskóla

Tilfallandi valnámskeið

Önn: Allar annir, í boði eftir hentugleikum - 6 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám. Viðbótarkröfur kunna að vera gerðar fyrir einstök námskeið

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennari: Ýmsir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og verkefnatímar

Innihald og markmið:

Á námstímanum eru einnig í boði valnámskeið, oft í samvinnu við aðrar námslínur á meistarastigi. Valnámskeið eru skipulögð sem hefðbundin 6 eininga námskeið um efni sem hægt er að tengja við fræðasvið menningarstjórnunar. Markmið valnámskeiða er að auka sveigjanleika námslínunnar svo nemendur geti sniðið námið sem best að sýnum þörfum.

Starfsnám

Önn og lengd: Nemendur geta sótt um starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í fjórar vikur (160 klukkutundir).

Í sérstökum tilvikum er hægt að samþykkja starfsnám sem er styttra eða lengra en fjögurra vikna viðmiðið. Einingar fyrir starfsnám, sem hluti af 90 eininga mastersgráðu, geta þó aldrei orðið fleiri en 12 ECTS einingar.

Sá valkostur er einnig í boði að sækja um að ljúka 120 ECTS MA gráðu og taka sem samsvarar 30 einingar í ólaunuðu starfsnámi til viðbótar við hinar hefðbundnu 90 einingar. Umfang 30 eininga starfsnáms er um 750 vinnustundir, eða full vinna í fjóra mánuði.

Námslína: Nemendur í öllum námslínnum í meistaranámi geta sótt um starfsnám.

Forkröfur: Nemendur skulu hafa lokið 30 einingum að lágmarki.

Tungumál: Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.

Kennari: Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeina honum.

Kennsluaðferðir: Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.

Innihald og markmið: Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Námsmat: Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til þess kennara sem heldur utan um starfsnámið ásamt skýrslu um það. Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemandans og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans. Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið. Lesefni: Eftir því sem verkefni krefjast.

Hæfniviðmið: Að starfsnámi loknu eiga nemendur:

- Að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.
- Að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.
- Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.

Ritgerðasmið

Önn: Allar annir – 6 ECTS

Námslína: Meistaránám allar námslínur

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaránám.

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á íslensku og ensku

Kennari: Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir

Kennsluaðferðir: Hljóðfyrirlestrar settir inn á kennsluvef, verkefnavinna og vinnuhelgi á Bifröst

Innihald og markmið:

Þessi ritgerðarskrifagátt hentar vel meistaránemum sem eru að hefja hugmyndavinnu að því að skrifa 30 eininga meistaraverkefni og/eða eru komnir eitthvað af stað en vilja fá aðferðafræðilegan stuðning í ritgerðarvinnu sinni. Tekið skal fram að þessi gátt hentar ekki nemendum sem ætla að vinna 12 eininga lokaverkefni í MCM-línunni í menningarstjórnun. Nemendur sem lokið hafa námskeiði í aðferðafræði og inngangsnámskeiði í menningarstjórnun og eru komnir vel á veg í meistaránámi geta tekið þessa gátt og geta að hámarki tekið 12 ritgerðareiningar með þessu móti, hvort sem er á haustönn eða vorönn, að því gefnu að nemendur uppfylli forkröfur þær sem gerðar eru fyrir þessar gáttir. Nemendur geta haldið áfram með rannsóknarhugmyndir úr aðferðafræðinámskeiði, eða unnið nýjar hugmyndir að meistararitgerð. Nemendur hafa úr fjórum mismunandi verkleiðum að velja og velja bara eina leið í senn, eftir því hvað hentar hverjum nemanda hverju sinni: · Leið 1 (Rannsóknaráætlun) geta nemendur mótað nýtt viðfangsefni meistararitgerðar frá grunni, vinna hugmyndavinnu, skoða fræðilegan bakgrunn og vinna þannig rannsóknaráætlun fyrir verkefni sitt. Á þessu stigi eru nemendur undir handleiðslu kennara en síðan er tekin ákvörðun um hvort og hvenær nemendur fara undir leiðsögn leiðbeinanda. · Leið 2 (Ritun fræðikafla) hentar nemendum sem mótað hafa viðfangsefni meistararitgerðar í aðferðafræðikúrsi og felst aðalvinnan í skrifum á ítarlegri fræðikafla, áður en farið er í megingagnaöflun eða eftir að megingagnaöflun er lokið (fer eftir rannsóknarnálgun). Á þessu stigi er hugsanlegt að nemendur séu komnir undir handleiðslu leiðbeinanda en fá aðferðafræðilegan stuðning frá kennara. · Leið 3 (Gagnaöflun) hentar nemendum sem mótað hafa viðfangsefni meistararitgerðar í aðferðafræðikúrsi en hér felst aðalvinnan í að fara beint í megingagnaöflun að undangegnu samráði við kennara og leiðbeinanda. Nemendur lúta leiðsögn leiðbeinanda en fá aðferðafræðilegan stuðning frá kennara. · Leið 4 (Greining gagna og framsetning niðurstaðna) er sjálfstætt framhald af leið 3 og snýr að greiningu gagna og framsetningu niðurstaðna. Hér fá nemendur aðstoð við að finna hentugar greiningarleiðir og hvernig best sé að setja fram niðurstöður. Nemendur lúta leiðsögn leiðbeinanda en fá aðferðafræðilegan stuðning frá kennara. Ekki er um eiginlega og/eða hefðbundna kennslu að ræða en kennari mun koma með stuttu upprifjunarinnlegg eftir því sem þörf verður á og geta nemendur leitað til kennara eftir því sem þurfa þykir, sérstaklega hvað varðar aðferðafræðilegan stuðning. Nemendur mæta á vinnuhelgar þar sem þau hlýða á gestafyrirlestra, taka þátt í umræðuhópum og fá þá jafnframt tækifæri á að hitta kennara eftir þörfum.

Hæfniviðmið:

Þessar ritgerðargáttir eiga að gera nemendum kleift að skipuleggja og halda betur utanum ritgerðarvinnu sína.

Innan þessara gátta eiga nemendur ·

- að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu móta rannsóknarviðfangsefni eða haldið áfram með viðfangsefni úr aðferðafræðikúrsi í samráði við kennara / leiðbeinanda ·
- auka hæfni sína í sjálfstæðum vinnubrögðum og auka gæði vinnu sinnar við ritun meistaraverkefna ·
- öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu ·
- að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt, skipuleggja eigin vinnu og ljúka við fyrirfram ákveðinn hluta ritgerðarinnar í annarlok.

MA ritgerð (Skylda í MA)

Önn: MA lokaverkefni - Lokaönn í meistaranámi – 30 ECTS

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: 30 ECTS

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna með leiðbeinanda. Verkáætlun sett upp í samráði við leiðbeinanda.

Innihald og markmið:

Lokaverkefni er fræðileg ritgerð eða sambærilegt verkefni sem hver meistaranemi vinnur á eigin spýtur og skal fullnægja öllum kröfum sem almennt eru gerðar til lokaverkefna á þessu stigi háskólanáms. Með lokaverkefni sýnir meistaraneminn vald sitt á aðferðum, vinnubrögðum og kenningum á viðkomandi sviði, og leggur fram verk sem hefur sjálfstætt fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir greinina. Lokaverkefnið er mikilvægur hluti af þjálfun meistaranemans og ber hann sjálfur ábyrgð á öllum þáttum þess.

Hæfniviðmið:

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Vinna undir nánu eftirliti leiðbeinanda.
- Öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu.
- Að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt.

Námsmat: Nemandi þarf að fá rannsóknaráætlun samþykkt áður en hann getur hafist handa. Lokaritgerð í meistaranámi skal fullbúin varin frammi fyrir leiðbeinanda og tveimur öðrum dómnefndarmönnum sem sviðsstjóri skipar. Lesefni: Í samráði við leiðbeinanda. Nánari upplýsingar um MA ritgerð er að finna í gæðahandbók skólans, fylgiskjali 230a.

Verkefni í menningarstjórnun (Skylda í MCM)

Önn: MA lokaverkefni - Lokaönn í meistaranámi – 12 ECTS

Námslína: MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: 30 ECTS

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna með leiðbeinanda. Verkáætlun sett upp í samráði við leiðbeinanda.

Innihald og markmið:

Verkefni í menningarstjórnun er hagnýtt verkefni sem er hluti af MCM-gráðu í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og skapandi greinar. Verkefni þetta er sjálfstætt verkefni sem nemendur vinna á eigin spýtur. Eðli verkefnisins getur verið í ýmsu formi, t.d. sem menningarviðburður, viðskiptaáætlun, sýning eða önnur afurð sem tengist því verkefni sem nemendur hafa hug á að vinna að að námi loknu. Með þessu verkefni sýnir nemandi þekkingu og hæfni í þróun verkefnis, hugmyndavinnu, áætlanagerð og framkvæmd verkefnis sem hefur hagnýtt gildi fyrir menningargeirann. Verkefni þetta er mikilvægur hluti af þjálfun nemandans á sviði nýsköpunar innan skapandi greina og ber hann/hún sjálfur ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Hæfniviðmið:

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Vinna undir nánu eftirliti leiðbeinanda.
- Öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu.
- Að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt.

Námsmat: Nemandi þarf að fá verkáætlun samþykkt áður en hann getur hafist handa. Verkefnið fer í prófdæmingu hjá prófdómara en nemandinn er jafnframt skuldbundinn til þess að halda opna kynningu á verkefni sínu á vettvangi skólans.

Lokalærdómsviðmið

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking

Við útskrift búa nemendur yfir þekkingu á helstu viðfangsefnum menningarstjórnunar og þeim aðferðum og kenningum sem einkenna fræðigreinina.

Í því felst að nemandi:

- Hafi þekkingu á eðli menningarstofnana og samspili þeirra við stjórnmal og atvinnulíf.
- Þekki til helstu kenninga á sviði menningarfræði og hugmyndasögu og geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á fræðasviðum menningarstjórnunar.
- Hafi dýpkað og aukið þekkingu sína á þáttum er varða rekstur menningarstofnanna, félagslegt umhverfi þeirra, skatta- og lagaumhverfi og menningarstefnu þeirra.
- Þekki til helstu rannsóknaraðferða á sviði hug- og félagsvísinda.

Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt þeim aðferðum og vinnubrögðum félags- og hugvísinda sem við á við greiningu og gagnaöflun á þeim sérsviðum sem snúa að menningarstjórnun.

Í þessu felst að nemandi:

- Hafi tileinkað sér helstu kenningar á sviði menningarfræði og hugmyndasögu og sé fær um að beita þeim við greiningu í fræðilegu samhengi sem og í daglegum störfum að menningarmálum.
- Skilji og geti unnið með upplýsingar sem varða fjárhagslegt og lagalegt umhverfi menningarstofnanna
- Geti kynnt hugmyndir og miðlað þeim á skýran hátt.
- Geti nýtt þekkingu sína á sviði menningarstjórnunar til að takast á við flókin viðfangsefni innan menningargeirans.
- Geti aflað upplýsinga, metið gæði ganga og unnið með flóknar upplýsingar á þeim fræðasviðum sem tengjast menningarstjórnun.
- Geti beitt rannsóknaraðferðum hug- og félagsvísinda og framkvæmt smærri rannsóknarverkefni á sviði menningarstjórnunar.
- Sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra á þeim fræðasviðum sem helst snerta menningarstjórnun.

Hæfni

Nemendur sem ljúka prófi í menningarstjórnun eru færir um að hagnýta þekkingu sína við ólíkar aðstæður og skilyrði. Þeir búa yfir faglegri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á doktorsstigi og til að takast á við fjölbreytt verkefni í atvinnulífi.

Í því felst að nemandi:

- Hefur haldgóðan grunn í menningarfræði sem nýtist við áframhaldandi nám sem og við störf sem krefjast fagþekkingar á sviði menningarmála.
- Hefur hæfni til að stýra menningarverkefnum og sjá um rekstur menningarstofnanna.
- Getur tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær.
- Geti sett sig inn í og útskýrt flókin úrlausnarefni á sviði menningarstjórnunar fyrir sérfræðihópi og fyrir almenningi.